



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Ráðgjafapjónusta í landbúnaði á Norðausturlandi

Búgarði Óseyri 2 ■ 603 Akureyri ■ Sími 460 4477 ■ Fax 460 4478 ■ Netfang: bugardur@bugardur.is

Garðarsbraut 5 ■ 640 Húsavík ■ Sími 460 4477 ■ Fax 464 0406

Alþingi

Erindi nr. P 131/1692

komudagur 28.4.2005

Frumvarp til laga um afnám mjólkurgjalds

BSE gerir ekki athugasemdir við þetta frumvarp.

X Frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni

BSE gerir ekki athugasemd við þetta frumvarp.

Frumvarp til laga um útflutning hrossa

BSE gerir ekki athugasemd við þetta frumvarp og telur eðlilegt að fella brott ákvæði um hámarksaldur við útflutning.

Akureyri 26/5/2005

Virðingarfyllst

Fh. BSE

Vignir Sigurðsson
frankvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1318
komudagur 15.4.2005



BÚNAÐARSAMBAND
KJALARNESÞINGS

ÞVERHOLTÍ 3 • PÓSTHÓLF 333
270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 566 6217 / 896 2217
FAX 566 7332
NETFANG bsk@isholf.is

Mosfellsbæ, 14. apríl 2005.


Umsögn Búnaðarsambands Kjalarnesþings um frumvarp til laga um mat á æðardúni.


Á fundi sínum 13. apríl 2005 fjallaði stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings um frumvarp til laga um mat á æðardúni, mál nr. 670, sem borist hafði frá Alþingi.

Eftir ítarlegra umræður að undangengnum viðræðum við marga hagsmunaaðila á svæði Búnaðarsambands Kjalarnesþings og viðar um land varð niðurstaða fundarins þessi:

Búnaðarsamband Kjalarnesþings beinir þeim tilmælum til Alþingis, að gæta hófs við reglusetningu um gæðmat á æðardúni og íþyngja ekki æðarbændum með regluverki, umfram það sem brýna nauðsyn ber til og búvöruframleiðendur almennt sæta. Varast ber að hindra frelsi einstakra hagsmunaaðila til að velja sjálfir hagkvæmustu leiðir við fullvinnslu og markaðsetningu æðardúns, umfram það sem brýna nauðsyn ber til og fagleg rök eru fyrir.

F.h. stjórnar Búnaðarsambands Kjalarnesþings


Valur Þorvaldsson.



Alþingi
Erindi nr. P 131/1262
komudagur 12.4.2005

BÚNAÐARSAMBAND
SUDUR - ÞINGEYINGA
Auðnum, 641 Húsavík.



**Til landbúnaðarnefndar Alþingis,
v. frv. um gæðamat á æðardún.**

Stjórn Búnaðarsambandsins ályktar ekki um frumvarpið en vísar til afgreiðslu
Búnaðarþings.

Auðnum, 12.4. 2005.

f.h. BSSP.
Jón Benediktsson



Alþingi

Erindi nr. Þ 131/1369

komudagur 19.4. 2005

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. apríl 2005

SP/hó


Efni: Frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, 670. mál, heildarlög

Tilv: 2005040006

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 5. apríl sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Búnaðarþing 2005 fékk frumvarpið til umfjöllunar frá landbúnaðarráðuneytinu og mælti með samþykkt þess. Þá skal þess getið, að Æðarræktarfélag Íslands leggur mikla áherslu á, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir og telur málið varða miklu fyrir hagsmuni greinarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1459
komudagur 22.4.2005

Landbúnaðarnefnd
bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 20. apríl 2005

Efni: Umsögn um frv. til laga um gæðamat á æðardún, 670. mál, heildarlög.

Fulltrúi frá æðardúnshópi FÍS átti sæti í nefnd þeirri sem samdi þetta frumvarp og eru efnisatriði þess í samræmi við sjónarmið hópsins.

Með vísan til þess er ekki ástæða til að fjalla frekar nánar um frumvarpið og styður félagið framgang þess.

Virðingarfyllst,
f.h. FÍS

Andrés Magnússon, fræmkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 131/1800
komudagur 3.5. 2005

Landbúnaðarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, 670. mál, heildarlög

Hagþjónusta landbúnaðarins gerir ekki athugasemd við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

Jónas Bjarnason,
forstöðumaður.

Alþingi
Erindi nr. P 131/1236
komudagur 8.4.2005

Jón Sveinsson, kt 150755-4419
Iðnrekandi í dúnhreinsun og - útflutningi
Heiðargerði 51, 108 Reykjavík
588 9924, GSM 864 9821, eider@centrum.is

070405

Nefndasvið Alþingis

varðar mál 670 frumvarp landbúnaðarráðherra, gæðamat á æðardúni

Lög um gæðamat æðardúns nr. 39 frá 1970 eru óþörf, þau hindra hagræðingu í rekstri og skyldu afnumin. Það myndi einnig mæta athugasemdum ESA og umboðsmanns alþingis en markaður og samkeppni sjá um framþróun greinarinnar.

Gæðamatið er ekki í neinum tengslum við markaðinn.

Dúnmatsmenn hafa enga menntun, enga þjálfun, enga þekkingu, - hvorki til þess að vita hvað þeir eru með í höndunum, hvað þá til að leiðbeina með vinnslu. Þeir eru ekki í neinum tengslum við kaupendur vörunnar erlendis eins og ég sem dúnhreinsari og útflytjandi. Þeir vita því ekkert um hvaða kröfur markaðurinn gerir en þær þekki ég og laga mig að þeim. Þeir hafa tekið að sér verk sem þeir eru ekki færir um og engin opinber er í standi til að fela þeim því engin skóli er til, ekkert fagráð, enginn til að mennta þá í því að líta eftir vinnu dúnhreinsara, þeir því lögskipaðir fúskarar. Ég bað ekki um þetta og hef verið á móti dúnmati frá upphafi. Í minni sveit er dúnmatsmaðurinn ómenntuð húsfreyja á næsta bæ, kona sauðfjárbónda sem á æðarvarp, en hefur sjálf aldrei komið nálægt dúni. Hennar bakgrunnur er dagsnámskeið hjá Árna Snæbjörnssyni, hlunnindaráðunaut og einum frumvarpshöfunda en hann hefur aldrei hreinsað dún, aldrei flutt út dún, aldrei hannað dúnhreinsitækni, - hann er búfræðikandidat með framhaldsnám í jarðrækt í Englandi, ekkert í hans menntun lítur að dúni eða dúnvinnslu, hvað þá viðskiptum.

Fagþekking einvörðungu hjá hreinsurum æðardúns.

Þeir einu sem hafa vit á dúni, mismikið þó, eru við hinir fimm megin dúnhreinsarar á landinu og við viljum ekki að fenginni slæmri reynslu (hugmyndum og tækni stolið af keppinautum) miðla eigin þekkingu og reynslu í austur og vestur. Engin hefur lagt okkur lið, engin mennta- eða rannsóknastofnun, hið opinbera hefur engu varið til þróunar faggreinarinnar. Öll framþróun hefur orðið fyrir einkaframtak. Greinin nýtur ekki opinberra styrkja, fer heldur ekki fram á þá.

Gæðamatið er kostnaðarsamt.

Matsgjald 300 kr/kg er óþarfa skattlagning, hef oft unnið 500 kg á sumri, matsgjald af þessu magni er 150 000 kr samkvæmt taxta fjármálaráðuneytis sem fylgir frumvarpinu.

Gæðamatið hefur aldrei virkað.

Ég hef undir höndum bréf frá stórum dúnkaupanda, Tokyo Revex, þar sem hann lýsir dúni keppinauta minna og það skal tekið fram að þessi dúnn hafði staðist mat og var síðar fluttur út. Ennfremur skal bent á að viðkomandi dúnhreinsari og útflytjandi eru einmitt höfundar frumvarps landbúnaðarráðherra um gæðamat á æðardúni: *“Varðandi sýnið frá Xco, við höfum fundið mikið af óhreiningum í því, þar er of mikið af stráum, fjaðurstöfum, ryki o.s.frv., ef öll 150 kg eru í sama ástandi, eru þau óásættanleg fyrir okkur”*.

Enginn erlendur kaupandi hefur beðið um gæðamatsvottorð

- í þau 15 ár sem ég hef hreinsað og flutt út dún hefur hvað þá að matinu sé viðhaldið. Hafi erlendir kaupendur æðardúns minnst á hið lögskipaða gæðamat við mig hefur það verið til að benda á að það sé með öllu marklaust. Um árabil hef ég verið með um 20 % markaðshlutdeild, unnið, flutt út hundruði kg árlega fyrir tugi milljóna króna svo ég fer nærri um markaðinn, kröfur hans og þarfir og hef lagað mig að þeim og nú er mín vara athugasemdalaus. Þetta þróunarstarf hef ég unnið einn, án þess að lögskipað gæðamat hafi haft nokkuð með það að gera, heldur einungis kröfur markaðarins.

Enginn æðarbóndi hefur beðið um að gæðamati sé viðhaldið.

Í símtölum mínum á sl.ári við 4 af 5 stjórnarmönnum æðarræktarfélagins, kom fram að 3 af 4 voru á því að það skyldi leyft í hagræðingarskyni að vinna dún erlendis enda þeir æðarbændur og kæmi þetta þeim einnig vel. Sá fjórði, formaðurinn, Jónas Helgason, var á móti en hann er dúnhreinsandi og því keppinautur og hafði neitað mér um fund með stjórninni til að kynna málið. Fimmti stjórnarmaðurinn er starfsmaður ráðuneytisins(!), ekki æðarbóndi. Aðalfundur æðarræktarfélagins hefur aldeil fjallað um málið. Á fundum mínum með bæði fráfarandi formanni bændasamtakanna, Ara Teitssyni og núverandi, Haraldi Benediktssyni, skildu báðir að frelsi ætti að ríkja til að staðsetja vinnslu dúns þar sem hagkvæmast væri. Báðir mæltu gegn frumvarpinu á búnaðarþingi en æðarbændur eiga þar sjálfir engan fulltrúa fyrir utan Jónas sem samdi frumvarpið. Ég á viðskipti við 80 æðarbændur og þeir eru á því að ég ætti að fá að vinna vöruna erlendis enda komi þeim það vel þar sem ég mun geta gert betur við þá en frumvarp landbúnaðarráðherra kemur í veg fyrir vinnslu dúns erlendis. Reyndar mætti spyrja, - hvað hafa æðarbændur að gera með að segja dúnhreinara og útflytjenda hvernig hann á að vinna vinnuna sína? Sem iðnrekandi svara ég ekkert, þeir eiga bara að krefja mig um hátt verð og skjótt uppgjör. Þeir hafa engar faglegar forsendur til að skilja mína aðstöðu og óeðlilegt væri ef þeir skyldu sem ómenntaðir hráefnisframleiðendur settir yfir mig sem menntaðan iðnrekanda í erlendum viðskiptum. Það væri jafn gáfulegt og sjúklingi á spítala skyldi lögskipað að segja lækni fyrir verkum.

Umboðsmaður Alþingis hefur gert alvarlegar athugasemdir við gæðamatslögin, - frumvarpið ræður ekki bót á þeim.

Umboðsmaður taldi núgildandi lög ekki krefjast fullvinnslu, heldur einungis viktunar, mats og framhóf sjónarmið mitt að vélunninn dún mætti meta.

Af þeirri túlkun leiðir að vélunnin dún mætti samkvæmt gildandi lögum flytja út til handvinnslu. Frumvarpið girðir fyrir þetta með kröfu um fullvinnslu áður en til útflutnings komi. Ég hef einmitt um árábil beðið landbúnaðarráðuneyti að opna á það að handvinnsla dún mætti fara fram erlendis í hagræðingarskini en landbúnaðarráðherra ætlar sér að loka algerlega á það. Umboðsmanni þótti óeðlileg krafa reglugerðar landbúnaðarráðuneytis um að einungis mætti flytja út 1. flokks dún, eðlilegt væri að ekki væru lagðar hömlur á viðskipti, væri vilji til þeirra og kaupandi upplýstur um ástand vörunnar, sem sagt væri markaður fyrir rusl ættu menn að fá að selja það. Landbúnaðarráðherra sagði í framsögu að matinu væri ekki ætlað að gæðaflokka dún, heldur skilja milli hæfs og óhæfs dún til útflutnings, þannig að hann ætlar að banna verslun með rusl. Þetta stendst ekki almenn viðskiptasjónarmið vestrænna ríkja þar sem það er markaðurinn sem skal ákveða hvað blífur og hvað ekki, verslun með rusl og verslun með gæði þrífast hlið við hlið víðast hvar. Markaðurinn hefur og mun alveg eins áfram sortera út hvað eru verðmæti í æðardúni, hvað ekki. Eitthvert opinbert mat mun ekki koma þar að gagni. Endurtekið skal: framfarir verða í samkeppni á markaði ekki með lagaboði. Matið hefur ekki hingað til virkað og hvergi er í frumvarpinu að finna nokkuð sem bendir til breytinga á því ástandi. Æðarbændur biðja ekki um matið, dúnhreinsarar biðja ekki um matið, erlendir dúnkaupendur biðja ekki um matið.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur gert alvarlegar athugasemdir við gæðamatslögin, - frumvarpið ræður ekki bót á þeim.

Frumvarpið tekur í engu tillit til þess að *jafnvel óunninn æðardúnn fellur samkvæmt skilgreiningu ESA á tollskrárnúmeri dún, 0505, undir ákvæði um frjálst flæði vöru innan EES og er frumvarpið því sjálft brot á EES reglum* en ákvæði þess um fullvinnslu myndi loka á dúnvinnslu erlendis, þ.e. sérstaklega og endanlega fyrir hagræðingaráform mín. Samkvæmt EES gilda engin sérákvæði æðardún, líkt og kúamjólk og kindakjöt, því er óheimilt að hindra frjálst flæði þessarar vöru milli EES landa en frumvarpið krefst fullvinnslu æðardún fyrir útflutning, nokkuð sem myndi einmitt flokkast sem slík hindrun. Landbúnaðarráðuneytið hafði haldið fram að óhreinsaður æðardúnn væri ekki vara í skilningi EES en skilgreining ESA á tollskrárnúmeri því sem æðardúnn fellur undir tekur af öll tvímæli. Æðardúnn er vara um leið og hann hefur verið undirbúinn til varðveislu og flutnings, - hreinsunar er ekki krafist. ESA taldi ólöglega mismunum milli innlands og erlands markaðar felast í lögunum þar sem einungis væri krafist mats á dúni við útflutning. Frumvarpið er efnislega eins og gildandi lög nema inn er tekin krafa um mat á dúni til sölu innanlands. Þetta mun vera það sem landbúnaðarráðherra vísaði til í framsögu sem þess að frumvarpið lagaði lögin algerlega að kröfum ESA. Þetta mat dún á innanlandsmarkaði er hinsvegar nokkuð sem ekki verður við komið þar sem þau viðskipti eru mest milli einstaklinga en fara ekki um tolleftirlit útflutnings. Mismunun verður því í reynd eftir sem áður til staðar og ekki mun verða hægt að sýna fram á hið gagnstæða en það reyndi einmitt landbúnaðarráðuneytið árangurslaust í samskiptum sínum við ESA í málinu. Í úrskurði ESA kemur fram að ráðuneytið hafi reynt að sannfæra ESA um að gæðamat færi þegar fram á dúni á innanlandsmarkaði og notað til þess vottorð sem voru öll á *ensku*. Þetta er kyndugt þar sem á innanlandsmarkaði er töluð íslenska. Þau voru á bréfhaus “*federation of icelandic eiderdown exporters*” og þar var rætt um “*export quality*” en skrítið er að ræða um export (útflutning !) þegar ætlunin var að sýna vottorð notað við mat á dúni á heimamarkaði, hér á Íslandi.

Frumvarpið kemur ekki til móts við athugasemdir ESA við gildandi lög þó krafa sé gerð um mat á dúi á innanlandsmarkaði því *frumvarpið sjálft felur í sér ólögmdæta hindrun á frjálsu flæði vöru á milli EES landa með kröfunni um fullvinnslu fyrir útflutning.*


Frumvarpið er beinlínis samið af einum aðila á samkeppnismarkaði til að klekkja á öðrum aðila á sama markaði

Þeir 2 keppinautar mínir sem eru frumvarpshöfundar hafa grunnskólann einan að baki en ég 6 ára háskólamenntun. Vinnslutækni þeirra er að stofni til sú sama og þegar greinin vélvæddist fyrir hálfri öld en mín eigin tölvuvædd hönnun.

Jónas Helgason formaður æðarræktarfélagsins og dúnhreinsari er annar meginhöfundar frumvarpsins, hinn er Sigtryggur Eypórsson forstjóri Xco sem flytur út dún þann sem Jónas hreinsar, - báðir eru keppinautar mínir en einmitt þeir fengu þessa umsögn um sína vöru frá erlendum kaupanda eins og að ofan greinir :
“*Varðandi sýnið frá Xco, við höfum fundið mikið af óhreiningum í því, þar er of mikið af stráum, fjaðurstöfum, ryki o.s.frv., ef öll 150 kg eru í sama ástandi, eru þau óásættanleg fyrir okkur*“. Einnig er Árni Snæbjörnsson hlunnindaráðunautur bændasamtakanna frumvarpshöfundur. Árni misnotar aðstöðu sína þegar hann ferðast meðal bænda undir ráðunautstitli og ræður bændum frá viðskiptum við mig væntanlega í þágu tveggja bræðra hans sem hvor um sig stunda í hjáverkum dúnhreinsun í samkeppni við mig. Ég á í fullu tré við keppinauta mína á markaði en það er verra að varast ríkislaunaðan atvinnuróg og ég á ekki að þurfa að una slíku. Sem ráðunautur má hann ekki gera upp á milli samkeppnisaðila í greininni. Tal landbúnaðarráðherra um drengskap og eiðstaf í sambandi við kröfur til matsmanna hljómar holt í mínum eyrum þegar sá sami ráðherra hleypir keppinautum mínum í að klæðskerasníða lög til höfuðs mínum rekstri þegar þeir hræðast samkeppnina úti á markaðinum.

Frumvarpið kemur í veg fyrir eðlilega hagræðingu í rekstri, það bannar þessari iðngrein það sem aðrar nýta sér þegar með árangri.

Ég stunda dúnhreinsun, útflutning og hef frá 2002 leitað heimildar landbúnaðarráðuneytis til að vinna æðardún erlendis því vinnslan krefst mikillar handavinnu og er því mjög dýr. *Staðsetning dúnvinnslu erlendis myndi spara kostnað, auka afköst, þjóna kaupendum betur með réttum afhendingartíma og þróaðri vöru, skila hráefnisframleiðendum (bændum) hærra verði, skjótara uppgjöri.* Handhreinsun (fjaðratísla) æðardúns er einfalt og leiðinlegt starf og ef það er yfirhöfuð launað hérlandis þá er það láglaunað en það er unnið af sveitakonum í sjálfboðavinnu fyrir sína bændur eða mállausum tailendingum í “verktöku” í bænum. Ég hef ráðið Rússa til þess síðan 1996 en það er nú orðið of dýrt. Megnið af neysluvarningi í sölu hér er framleiddur í láglaunalöndum. Við því er ekkert að segja eða gera, bara laga sig að því eða fara á hausinn. 66 °N gæti ekki framleitt sína vöru hérlandis með hagnaði. Hvers vegna á að skylda mig einan manna til að halda svona handavinnu-verkefni í okkar há-kostnaðarsamfélagi? Það er ekki rekstrargrundvöllur fyrir því eigi að fylgja lögum og reglum á íslenskum vinnumarkaði en ekki stunda hvítt þrælahald.



Athugasemdir vegna frumvarps að lögum um gæðamat á æðardúni.

:

1.gr

Óeðlilegt er að setja sérstakt mat á ísl. æðardún. Af öllum þeim dún sem til er í heiminum er enginn mælikvarði til sem segir hvernig æðardúnn skuli vera.

2. gr.

Eg veit ekki um að til sé neinn skóli fyrir dúnmatsmenn sem þeir geti lokið prófi frá. Á meðan svo er, er það ekki á færi nokkurs aðila að meta þeirra getu þannig að þeir geti orðið lögskipaðir dúnmatsmenn. Því ber að fella þessa grein niður.

4. gr.

Fellur niður.

5. gr.

Niður fellur 1. málsg.---- Lög þessi taka gildi þegar í stað.----
Greinin verður þannig. Á sama tíma falla lög nr. 39/1970, um gæðamat á æðardún, og frá og með júlí 2005 er lögð niður skipun þeirra aðila sem starfa við dúnmat samkvæmt lögum þessum.

Virðingafyllst

Páll Ólafsson

Alþingi
Erindi nr. P 131/1370
komudagur 19.4. 2005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, 670. mál.


Samtök iðnaðarins telja þær reglur sem ofangreint frumvarp felur í sér óþarfar.

Ekki kemur fram í frumvarpinu hvaða hagsmuni er verið að verja eða hvaða tilgangi frumvarpið þjónar. Vandséð er hvers vegna þarf sérstakt gæðaeftirlit af opinberri hálfu með æðardúni og að fullhreisun sé skilyrði dreifingar innanlands eða utan. Það er í meira lagi sérkennilegt að í upphafi 21. aldar sé verið að setja lög um eiðsvarna dúnmatsmenn sem allir verkendur verða að bera afurðir sínar undir.

Kaupendur dúnsins, þ.e. framleiðendur afurða sem nota dún sem hráefni, eru fullfærir um að leggja mat á gæði þeirrar vöru og þarf ekki opinbert matskerfi til þess. Sérstaka athygli vekur að Félag íslenskra stórkaupmanna, sem kenna sig jafnan við frjálsa verslun, skuli standa að þessu frumvarpi og ætla sér hlutverk í þessu ríkisrekna eftirlitskerfi.

Samtök iðnaðarins telja rétt að hætta við endurnýjun laga um gæðamat á æðardúni en leggja þess í stað til að gildandi lög verði felld niður.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Heydalir, 7. apríl 2005

Nefnadasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Rvík

Alþingi
Erindi nr. P 131/1235
komudagur 8.4. 2005


Mér hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um gæðamat á æðardún, 670 mál, heildarlög. Frumvarpið felur í sér þrjár megin breytingar, að gæðamat gildi einnig um dreifingu duns innanlands, að Landbúnaðarráðuneyti skipi dúnmatismenn í stað lögreglustjóra og að matsbeiðandi beri kostnað af dúnmati, en í gildandi lögum er kveðið á um að útflytjandi greiði það.

Varðandi síðustu breytinguna, þá virðist gæta misræmis í túlkun greinargerðar með frumvarpinu og Fjármálaráðuneytis í fylgiskjali. Skilningur ráðuneytisins er, að framleiðendur greiði fyrir kostnað af dúnmatinu, en í greinargerðinni er tekið fram, að matsbeiðendur geti verið “æðardúnsbóndi/æðardúnsræktandi, hreinsunarstöð eða hver sá sem sér um dreifingu á æðardúni”. Hér þarf að staðfesta greinilega hvað felst í “matsbeiðandi” svo ekki komi upp óþarfa misskilningur. Ríkt hefur gott samkomulag í greininni um að söluaðili duns beri kostnað af dúnmatinu. Tryggja verður, að þessar boðuðu breytingar raski ekki þeirri skipan. Hér er t.d. opnað fyrir þann möguleika, að söluaðili geti krafist dún mats á framleiðslustað, en það gæti haft mikinn ferðakostnað í för með sér fyrir dúnmatismenn, sem framleiðendur yrðu að bera. Það er brýnt að kveðið sé skýrt á um það, hver matsbeiðandi er og beri að greiða fyrir kostnað af matinu.

Til þess að komast hjá mögulegum breytingum á viðkvæmum markaði og kostnaðarauka, þá væri skynsamlegra að matsbeiðandi yrði seljandi eða drefingaraðili duns. Það myndi einnig koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning og vandræði, eins og best sést af túlkun Fjármálaráðuneytis.

Treysta verður því, að þetta frumvarp feli ekki í sér kostnaðarauka fyrir æðarræktina.

Með vinsemd og virðingu


Gunnlaugur Stefánsson, Heydölum

Alþingi
Erindi nr. P 131/1759
komudagur 29.4.2005

UST

Umhverfisstofnun

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


29. apríl 2005
Skjalanúmer: 50
Tilvísun: UST20050400044/KG


Frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, 670. mál

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar, dags. 5. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, 670. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við framlagt frumvarp.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. P 131/1499
komudagur 22.4.2005



**VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2005.

Efni: Frv. til I. um gæðamat á æðardúni

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem miðar að því að festa enn frekar í sessi það fyrirkomulag sem hefur verið á svokölluðu eftirliti með dúnframleiðslu.

Verslunarráð telur að núgildandi lög nr. 39/1970 séu til trafala í dúnframleiðslu (bæði í útflutningi og á markaði hérlendis) og telur rétt að þau séu felld niður. Verslunarráð telur þannig einnig að ofangreint frumvarp styðjist ekki við rök sem fallast megi á. Hvort tveggja hindra lög um gæðamat á æðardúni hagræðingu í greininni, með því að koma í veg fyrir að dúnn sé fluttur utan óhreinsaður, og eru afar íþyngjandi fjárhagslega fyrir þá bændur sem enn stunda dúntekju.

Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið verði að lögum og hvetur um leið til þess að lög nr. 39/1970 verði felld niður.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigriður Á. Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

Búnaðarþing 2005 Samþ. (s. umr.)

10. mars 2005 - ÁK

Dagsetning skjals	10. mars 2005	Mál: 05020042 Þ.skj.42-3
Tegund skjals	Samþ. (s. umr.)	Niðurst. atkv.gr. (með - á móti) Með þorra atkvæða gegn einu
Nefnd:	Framleiðslu- og markaðsnefnd	
Framsögumaður:	Aðalsteinn Jónsson	

Gæðamat á æðardúni

Frumvarp
til laga um gæðamat á æðardúni.
(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004-2005.)

Búnaðarþing 2005 mælir með því fyrir sitt leyti að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur hér fyrir.

Aðalsteinn Jónsson

Guðbjartur Gunnarsson

Gústaf Sæland

Helga Jónsdóttir

Jóhann Ragnarsson

Jóhannes Eggertsson

Jóhannes Æ. Jónsson

Jón Gíslason

*Markaðsrannsókn unnin af
Útflutningsráði Íslands í Berlín
fyrir
Æðarræktarfélag Íslands árið 1995*

- Innkaupsverð þýskra sængurvöruverslana á venjulegri stærð sængur er um 900 til 1.400 mörk m.v. rúm 600 til 750 grömm af æðardúni í sæng.
- Æðardúnsvörur eru í hæsta verðflokki í þýskumælandi Evrópu af öllum sængurvörum. Verð á æðardúnsvörum til neytenda sveiflast ekki í samræmi við sveiflur á hráefnisverði.
- Smásöluverð æðardúnssænga í Þýskalandi út úr séerverslunum með sængurvörur er á bilinu 2.400 til 3.200 þýsk mörk.
- Smásöluverð æðardúnssænga í Austurríki úr úr séerverslunum með sængurvörur er á bilinu 10.000 Schillingar fyrir venjulega stærð af sæng og upp í 15.000 til 18.000 Schillinga fyrir æðardúnssæng með silkiáklæði.

Gæðamál

- Almennt virðast gæði íslensks æðardúns mæta kröfum evrópskra kaupenda.
- Nokkrir kaupendur hafa sagt gæði íslensks æðardún sveiflast með verði hans.
- Gæðamat íslenskra matsmanna er almennt viðurkennt í Evrópu og er það sem þýski iðnaðurinn leggur eingöngu til grundvallar í eigin viðskiptum.
- Engir gæðastaðlar sem ná til æðardúns finnast í Evrópu og er hann eini dúnninn sem undanskilinn er þýskum gæðastöðlum, hvort sem þeir eru gefnir út af yfirvöldum eða einstaka framleiðendum sem sumir hafa eigin gæðastaðla.
- Hvergi hefur komið fram að breyttra aðferða sé þörf við frum- eða fullvinnslu æðardúns. Hvergi var t.d. rætt um að þvo þyrfti dúnninn og hann reyndar eini dúnninn samkvæmt þýskum gæðastöðlum er undanskilinn þvotti og annarri vinnslumeðferð sömu staðla.
- Hvergi var þó tekið fram að ekki mætti bæta gæði íslensks æðardúns með núverandi aðferðum og reyndar oft hvatt til þess.

Dúnhreinsunin ehf.

Digranesvegi 70

200 Kópavogur

ICELAND

Tel: + 354 892 8080 & +354 847 7047

Fax: + 354 554 2316 & + 354 555 7880

e-mail: dunn@fjoltengi.is

Federation of Icelandic Eiderdown Exporters



Kópavogi, 23. febrúar 2005

Efni: Álit á hugmynd um útflutning á hálfhreinsuðum æðardúni

Vegna fram kominna hugmynda um útflutning á hálfhreinsuðum æðardúni, þá höfum við óskað eftir umsögn frá erlendum dúnkaupendum um hugsanlegan útflutning á hálfhreinsuðum æðardúni frá Íslandi.

Haft var samband við einn aðalkaupanda íslensks æðardúns sem keypt hefur dún í áratugi og hefur mikla reynslu og þekkingu á markaðsetningu dúns og fiðurs frá fjölmörgum löndum, sem kaupandi, sængurframleiðandi og seljandi. Jafnframt þekkir hann mjög vel til æðarræktar og æðardúnshreinsunar hér á landi.

Spurt var um álit á hugmynd um útflutning á vélhreinsuðum æðardúni, þ.e.a.s. ófjaðratindum dúni. (Partly cleaned Eiderdown) Lokavinnsla yrði erlendis.

Eftirfarandi sjónarmið erlenda dúnkaupandans komu fram:

Gott álit og viðurkennd gæði á íslenskum æðardún yrði í mikilli hættu ef farið væri út í útflutning á ómetinni vöru.

Erfitt yrði að viðhalda þeim góða gæðastaðli og orðspori sem íslenskur æðardúnn hefur áunnið sér í áratugi með jöfnum og öruggum gæðum.

Íslendingar gætu misst stjórn á markaðnum.

Búast mætti við miklum kvörtunum vegna gæða.

Hvernig á ófjaðratindur dúnn að vera, hversu mikil frávik.

Rýrnun ykist trúlega.

Hætta á íblöndun (gray sticky down).

Erfitt að hafa eftirlit með hreinsun (fjaðratíngi) og yrði mjög kostnaðarsamt.

Gífurlega mikilvægt að viðhalda gæðastaðli sem íslenskur æðardúnn hefur áunnið sér gegnum áratugi

Sk. "frjáls" viðskipti mega ekki setja áunna gæðaviðurkenningu á vöru í hættu. Hafa má í huga að í gildi eru margskonar reglugerðir í viðskiptum sem settar eru fram af aðilum til verndunar heilbrigðra viðskiptahátta og koma í veg fyrir óprútnar skammtíma aðferðir þar sem ekki er hugsað til framtíðar.

Sterklega er mælt gegn hugmyndum um útflutning á hálfhreinsuðum æðardúni – slíkt yrði til álitshnekkis fyrir íslenskan æðardún þegar til lengri tíma er litið og til þeirrar áhættu sem tekin er við breytingar á fyrirkomulagi sem hefur gengið vel um áratugi.

Gæðaeftirlit - (opinberir gæðamatsmenn) hefur styrkt sölu og álit á framleiðslunni.

Sjónarmið starfsmanna Dúnhreinsunarinnar ehf.:

Telja verður afar vafasamt að heimila útflutning á hálfhreinsuðum æðardúni. Við tökum undir þau sjónarmið sem fram komu í framanrituðu álitu erlenda dúnkaupandans.


Vafalaust yrði hægt að fá fólk á lálaunasvæðum hvort sem er í A-Evrópu eða Asíu til að hreinsa dún á broti af því tímakaupi sem greitt er fyrir slíka vinnu á Íslandi. Sú kostnaðarlækkun yrði fljót að hverfa í auknu og kostnaðarsömu eftirliti, eða framleiðendur misstu tökin á markaðsvöru sem áunnið hefur sér traust og stöðugleika í gæðum.

Jákvætt er að halda þessari vinnu innanlands – þó vega önnur atrið ennþá þyngra í þessu máli. Um er að ræða viðkvæma vöru sem þarf kunnáttusamlega meðferð gegnum allan ferilinn frá hreiðri til sængur. Íslenskur æðardúnn er sérstök hágæða útflutningsvara sem selst á háu verði, framboðið er takmarkað og markaðurinn er ekki stór. Því gilda um hann önnur lögmál heldur en fjöldaframleiddrar iðnaðarvöru.

Markmið er að selja íslenskan æðardún á hæsta verði sem hágæða lúxusvöru, og því æskilegt að íslensk fyrirtæki sjái um, og annist, alla þætti þessarar starfsemi.

F.h

Dúnhreinsunarinnar ehf.,



Pétur Guðmundsson
framkvæmdastjóri



Benedikt.H@utn.stjr.is
03.03.2005 05:11

To Árni Snæbjörnsson <as@bondi.is>
cc
bcc
Subject Re: Æðardúnn - hugsanlegur útl. á óhreinum dúni

Sæli Árni. Eins og ég sagði þér þá ákvað ég að leita til eins aðila hér í Japan sem hefur verslað með dún í all nokkurn tíma og á í farsælum viðskiptum við sinn útflytjanda frá Íslandi. Fyrirtækið tók sér nokkurn tíma til að hugsa málið eins og ég lagði það upp fyrir þá og nú hef ég fengið viðbrögð þeirra.

Í upphafi þá get ég sagt að afstaða fyrirtækisins til þeirrar hugmyndar að flytja íslenskan æðardún erlendis, óhreinsaðann nýtur ekki hylli né stuðnings þeirra. Fyrsta atriðið sem þeir hafa áhyggjur af er að verð muni hækka vegna aukins tilkostnaðar. Sérstaklega á það við, að þeirra mati ef Japanir tækju upp á því að flytja dúninn inn óhreinsaðann því kostnaður hér við framleiðslu er með því hæsta sem gerist í iðnríkjum. Í þessu svari felst enn fremur vantrú þeirra á að hægt sé að hreinsa dúninn af kunnáttu í löndum sem hvorki þekkja til hans né hafa markað fyrir hágæða vöru eins og æðardúnn er. Þannig telja þeir mikilvæg rök fyrir þessari afstöðu að reynsla Íslendinga, Japana og annarra sem hafa verslað með dúninn sé mikil og hafi komið til af því að hér er um hágæða vöru að ræða sem markaðurinn hafi kennt mönnum að vinna, bæði á Íslandi og í þeim löndum sem hann er þekktur. Loks nefna þeir að einn helsti eiginleiki æðardúns, viðloðun og þar með einangrun, sé einstakt og með því að færa hreinsun hans til aðila sem ekki þekkja til æðardúns muni leiða til þess að gæði hans verði ekki góð og hugsanlega eyðilaggt hann, að þeirra mati. Þá telja þeir að þessi ráðstöfun myndi hafa áhrif til verðlækkunar til bænda þar sem þeir færu að selja dún með óhreinindum sem ekki væri hægt að taka á nema með lækkun á verði fyrir hvert kíló.

Ég lét þetta duga en vill þó segja að ég tel að þessi svör þeirra séu góð, þau taka mið af því að hér hafa fyrirtæki fjárfest í dýrri markaðssetningu á æðardúni og því ekki gott ef menn ætla að breyta viðskiptunum þannig að um þau skapist óvissa bæði út frá verð og gæðum, sem ég tek undir.

Með kærri kveðju.

Benedikt Höskuldsson,
Minister-Counsellor

Embassy of Iceland Japan
4-18-26 Takanawa, Minato-ku
Tokyo 108-0074

Telephone: +81 3 3447 1944
Telefax: +81 3 3447 1945

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.
Further information: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Þýtt úr ensku

af löggiltum skjalabýðanda: 20. október 2003.

§21.33. Innflutningur og sala á íslenskum æðardúni

(a) Hvað þarf að gera til að flytja hreinsaðan íslenskan æðardún inn í Bandaríkin?

Til að geta flutt inn hreinsaðan íslenskan æðardún í Bandaríkin verður fyrst að hafa innflutningsleyfi. Við gefum út leyfi fyrir innflutningi á íslenskum æðardúni sem er safnað á löglegan hátt, unninn og fluttur út á vegum félaga í Æðarræktarfélagi Íslands. (Flestir íslenskir bændur sem vinna dún tilheyra þessum samtökum) eða framsalshöfum þeirra, af æðarfugli (*Somateria mollissima borealis*) sem verpir á Íslandi, í samræmi við skilmála þessa hluta. Þar sem það er erfitt, jafnvel ógerlegt að bera kennsl á uppruna og gerð duns í fullunnum vörum, er bannað að flytja inn slíkar vörur.

(b) Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá innflutningsleyfi? Yfirmaður (Director) má leyfa innflutning á íslenskum æðardúni enda uppfylli skjöl íslenskra stjórnvalda, skrifleg og á ensku, eftirfarandi skilyrði:

- (1) Íslenska æðardúninum skal safnað á sjálfbæran hátt. Þetta nær til söfnunaraðferða og tímabila, söfnunarferlisins, dúnmagns úr hverju hreiðri og staðfestingar þar um.
- (2) Aðeins má flytja dún frá Íslandi til Bandaríkjanna sem safnað er á sjálfbæran hátt.
- (3) Í lok hvers almanaksárs skal eftirfarandi vera fyrir hendi:
 - (i) Æðarfuglsstofninn er í jafnvægi. (Ef ekki er hægt að sannreyna sjálfbærni stofnsins, verða innflutningsleyfi fyrir íslenskan æðardún ekki veitt);
 - (ii) Ekki er reynt að drepa eða skaða lögverndaðar farfuglategundir (Migratory Bird Treaty Act protected) (s.s. hrafna, svartbaka og lunda);
 - (iii) Ekki má nota DDT eða önnur svipuð efni sem eru bönnuð í Bandaríkjunum á dúninn.
 - (iv) Veiðar á æðarfugli verði áfram bannaðar samkvæmt landslögum; og
 - (v) Heildarársútflutningsskrár sýni nákvæma þyngd, flutningsdaga og flutningsnúmer og leyfisnúmer fyrir allan æðardún.

(c) Hvernig er sótt um leyfi?

Allir sem æskja þess að flytja inn unninn íslenskan æðardún, sem er safnað og verkaður samkvæmt lögum og reglum íslenskra stjórnvalda mega sækja um innflutningsleyfi. Þegar yfirmaður (Director) hefur staðfest að skilyrði greinar (b) í þessum hluta séu uppfyllt, tökum við á móti umsókn um innflutning á íslenskum æðardúni. Senda verður fullgerða umsókn til Regional Director – Attention Migratory Bird Office (óforml. þýð: Yfirmaður-farfuglaeftirlits) á viðkomandi svæði þar sem starfsemi umsækjanda hefur aðsetur. Einstaklingar mega gefa upp heimilisfang sitt (sjá §2.2 í þessum kafla um svæðismörk og aðsetur).

- (1) Sérhver umsókn verður að innihalda þær upplýsingar sem er krafist í §13.12 (a) í þessum undirkafla.
- (2) Sérhver umsækjandi verður að undirrita eftirfarandi yfirlýsingu: “Ég staðfesti hér með, að samkvæmt bestu vitund minni, er æðardúnninn sem ég flyt inn, samkvæmt þessu leyfi, tekinn og fluttur út samkvæmt ákvæðum um útflutning á íslenskum æðardún eins og lýst er í 50 CFR 21.33 (b).” Við gefum ekki út leyfi nema þessi yfirlýsing sé undirrituð.
- (3) Leggja verður fram ávísun eða póstávísun stílaðar á “U.S. Fish and Wildlife Service” fyrir umsóknargjaldinu fyrir leyfi sem eru gefin út samkvæmt þessum kafla og eru tilgreind í 13.11(d) í þessum undirkafla.

*(d) Hverjir eru leyfisskilmálarnir? Leyfi samkvæmt þessum kafla heimilar leyfishafa að flytja inn, eiga, flytja, selja eða ráðstafa unnum íslenskum æðardúni teknum úr hreiðri æðarfugla (*Somateria mollissima borealis*) til sölu eða einkanota.*

(1) Leyfi verður ekki veitt til þessa nema umsækjandi staðfesti að dúnninn var tekinn samkvæmt reglum sem lýst er í málsgrein (b) í þessum hluta með undirritun yfirlýsingar samkvæmt málsgrein (c)(2) í þessum hluta. Þar að auki verður hverri sendingu af æðardúni til fyrirtækis í Bandaríkjunum eða einstaklings að fylgja íslenskt útflutningsleyfi og innflutningsleyfi sem U.S. Fish and Wildlife Service veitir.

(2) Til að fá umsóknareyðublað skal hafa samband við Migratory Bird Permit Office (óforml. þýð: Skrifstofa sem veitir farfuglaleyfi) þar sem umsækjandi hefur aðsetur með viðskipti sín en einstaklingar miðað við aðsetur sitt. (Sjá §2.2. í þessum kafla um svæðismörk og aðsetur, eða farið á vefsíðuna <http://permits.fws.gov/mbpermits/birdbasics.html>, smellið þar á Regional Bird Permit Offices til að fá heimilisfangið.

(3) Heimilt er, án leyfis, að selja milli ríkja (fylkja) löglega innfluttan unninn æðardún í hráformi eða sem unnar dúnvörur.

(e) Hver eru leyfisskilyrði og innflutningsreglur?

(1) Tekja.

Allur æðardúnn sem er innfluttur samkvæmt þessu leyfi verður að vera tekinn og fluttur út frá Íslandi samkvæmt sjálfbærniskilyrðunum sem lýst er í málsgrein (b) í þessum hluta.

(2) *Vottun.* Samkvæmt þessum skilmálum verður að fylgja innfluttum æðardúni vottorð um skoðun og þyngd frá lögskipuðum íslenskum dúneftirlitsmönnum eins og kveðið er á um í Erindisbréfi fyrir dúnmatsmenn (Landbúnaðarráðuneytið, 10. mars, 1972) og samkvæmt Lögum um gæðamat æðardúns. (nr. 39, bls. 310. 11. maí, 1970.)

(3) *Flutningur og merkingar.* Allur æðardúnn sem er fluttur inn frá Íslandi skal vera í gegnsæum umbúðum. Hver pakki skal vera innsiglaður og ábyrgðarmerktur “Fyrsta flokks íslenskur æðardúnn” og þar að auki skal brúttóþyngd pakkans fylgja. Þessi þyngd skal tilgreind á merkinu eins og kveðið er á um í “Gæða-og þyngdarvottorð eftirlitsmanns” á vegum íslenskra stjórnvalda. Undirritað frumrit “Dýralæknisvottorðs” sem staðfestir að dúnninn sé laus við sjúkdóma, skal fylgja hverjum pakka. Hverri sendingu af innfluttum æðardún skal fylgja íslenskt útflutningsleyfi og afrit af innflutningsleyfi sem USFWS Regional Migratory Bird Permit Office gefur út. Innflutningsleyfi má nota fyrir margar dúnsendingar og er gefið út til eins almanaksárs í senn.

(4) *Bann við útflutningi vegna sölu.* Óheimilt er að flytja út óunninn æðardún frá Bandaríkjunum sem hefur verið fluttur inn samkvæmt þessu leyfi. Ekki má flytja út til sölu frá Bandaríkjunum unna vöru sem inniheldur æðardún.

(5) *Skýrsluhald.* Gera verður fullkomnar og nákvæmar skrár um allan innfluttan æðardún þar sem getið er um móttökudag, ráðstöfun, dagsetningu ráðstöfunar, og afrit af leyfum og vottorðum frá íslenskum stjórnvöldum, sem fylgja hverri sendingu. Varðveita skal þessar skrár í fimm ár miðað við lok hvers almanaksárs sem skrárnar ná til.

(6) *Ársskýrsla.* Leggja verður fram útfyllt eyðublað 3-202-xx fyrir 31. janúar ár hvert fyrir komandi ár til Migratory Bird Permit Program Office.

(7) *Leyfistími.* Leyfi samkvæmt þessum hluta eru veitt til eins almanaksárs í senn.

(f) *Inniheldur þessi regla kröfur um upplýsingasöfnun?* Já. OMB númerið fyrir upplýsingasöfnun samkvæmt þessum reglum (50CFR hlutar 13 og 21) er 1018-XXXX. Alríkisstofnun stendur hugsanlega hvorki fyrir né styrkir upplýsingasöfnun, og þess er ekki krafist að brugðist sé við upplýsingasöfnun nema gilt OMB númer komi fram.

21. ágúst, 2003

Craig Manson

Aðstoðarráðherra fiskimála, dýralífs og þjóðgarða.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 19. apríl 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni.

Æðarræktarfélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, 670 mál, heildarlög.

Stjórn AEÍ fjallaði um ofangreint frumvarp á fundi sínum hinn 15. apríl 2005 og leggur eindregið til að það verði samþykkt í óbreyttri mynd eins og það var lagt fram.


Jafnframt vill stjórn AEÍ minna á að fram komið frumvarp er samhljóða eldri lögum að því undanskyldu að verið er að laga lögin að þeim athugasemdum sem fram hafa komið frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Það skal ítrekað að hér er um grundvallarlöggjöf að ræða, sem tryggir gæðaeftirlit með íslenskum æðardúni. Gæðaeftirlit sem erlendir kaupendur þekkja og reikna með. Eftirspurn eftir íslenskum æðardúni, og hið góða verð sem fæst fyrir hann erlendis, byggir ekki hvað síst á þeim gæðum sem íslensk lög hafa tryggt. Svo þarf að vera áfram.

Áhugi æðarbænda og annarra á að vinna vörur úr æðardúni hérlandis, beint í endanlegt form fyrir neytendur, er annað og óskylt mál sem vinna þarf að eftir öðrum leiðum. Lög um gæðamat hérlandis eru vissulega jafn mikilvæg þótt sú leið verði farin í auknum mæli í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

f.h.stjórnar AEÍ


Jónas Helgason, formaður